



Framkvæmdanefnd  
um einkavæðingu

Fundur haldinn 9. september 2002 kl. 12.00 í forsætisráðuneytinu. Mættir voru Ólafur Davíðsson, Jón Sveinsson, Steingrímur Ari Arason, Sævar Þór Sigurgeirsson, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Guðmundur Ólason.

*1. Landsbanki Íslands hf.*

Þorgeir Örlygsson og Benedikt Árnason mættu á fundinn.

Umræðu frá deginum áður var framhaldið m.a. hvaða áhrif mism. vægi hefði á niðurstöðu á mati. Í ljós kom að þrátt fyrir að vægi verðs væri aukið myndi það ekki breyta niðurstöðunni. BÁ og SBS dreifðu vinnuskjali sem þeir höfðu unnið í samvinnu við EW. JS sagði að kalla ætti eftir formlegu skjali frá HSBC þar sem farið væri yfir þessar mismunandi forsendur. Samþykkt var að kalla eftir þessu.

**Framhald:**

JS taldi nauðsynlegt að skilgreina kröfur seljanda í komandi samningaviðræðum og tók ÓD undir það. SPS sagði skýrt varðandi verð að verið væri að tala um markaðsverð að viðlagðri þóknun. SAA sagði einnig mögulegt að setja gólf sem væri hæsta verð sem Samson gaf upp.

SBS dreifði drögum að fréttatilkynningu og var hún samþykkt með breytingum.

Starfsmönnum nefndarinnar var falið að vinna bréf til Samson og tilkynna um niðurstöðuna þar sem settir yrðu tilteknir fyrirvarar í viðræðunum. Farið var yfir efni bréfsins til Samson m.a. með tilliti til tímasetninga, meðferðar trúnaðarupplýsinga ofl. Ákveðið að senda drög á milli í tölvupósti síðar um daginn.

Ákveðið að senda Kaldbak og S-hópnum bréf.

SBS fór yfir samtal við EW hjá HSBC þar sem kom fram að hann gerði ráð fyrir að Term Sheet gæti verið tilbúið á einum mánuði en áreiðanleikakönnun tæki minnst 2 mánuði.

Rætt var um að hefja undirbúning á sölu í BÍ í samræmi við ákvörðun ráðherranefndar um einkavæðingu. Starfsmönnun var falið að leggja upp það mál.

GÓ 9. september 2002